

Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands

I. – VIII. gilda frá 1. nóvember 1999

(undanskilið reglur sem taka gildi 1. febrúar, 1. september 2000 og 1. apríl 2008)

IX. Reglur um ræktunarnöfn gilda frá 1. ágúst 1998

X. Undanþáguskráning íslenskra fjárhunda gildir frá 25. febrúar 1998

I.

1. Hundur skal skráður í ættbók í því landi þar sem hann er fæddur og þar sem ræktandinn hefur að öllu jöfnu búsetu.
2. Skráður eigandi ættbókarfærðs hunds verður að vera fullra 18 ára.
3. Einungis er heimilt að ættbókarfæra hund hjá HRFÍ séu báðir foreldrar hans af sama viðurkennda hundakyni og ættbókarfærðir hjá HRFÍ eða öðru FCI viðurkenndu félagi, án sérstakra athugasemda sem takmarka eða banna ræktun undan þeim.

Í viðauka við ættbók skulu skráðir hundar sem ekki hafa skráða fulla þrjá ættliði, eða af kyni sem HRFÍ viðurkennir en sem ekki hefur verið viðurkennt af FCI, eða sem stjórn HRFÍ ákveður að skulu skráðir þar, til dæmis þar sem undantekning hefur verið gerð og pörun tveggja hundakynja eða afbrigða þeirra leyfð.

4. Verði eigendaskipti á hundi ber þeim aðila sem skráður er eigandi hundsins í ættbók, að tilkynna eigendaskiptin til HRFÍ. Senda skal upprunalegt ættbókarskírteini hundsins ásamt skriflegu afsali á hundinum til HRFÍ. Í afsalinu skal koma fram fullt nafn nýs eiganda, kennitala, heimilisfang og símanúmer.
5. Eftir að hvolpur/hundur hefur fengið nafn og númer skráð í ættbók er hvorki hægt að breyta nafni hans í ættbók og/eða ættbókarskírteini.
6. Komi í ljós að hundur sé ekki hreinræktaður eða undan öðrum hundi/tík en tilgreind eru sem foreldrar hans í ættbók, getur stjórn Hundaræktarfélags Íslands svipt hann ættbókarskírteini og látið afskrá hundinn úr ættbók félagsins.
7. Óheimilt er að ættbókarfæra eyrnastífða hunda fædda eftir 1. janúar 2000.
8. Ræktun, kaup og sala hunda til endursöluaðila (milliliða) eða rannsókna og tilrauna er bönnuð. Ræktun, kaup og sala á óættbókarfærðum hundum er bönnuð.
9. Hvolpar/hundar skulu vera varanlega auðkenndir fyrir ættbókarskráningu. Eingöngu dýralæknar hafa leyfi til að örmerkja hunda. (Frá 1. september 2000).
10. HRFÍ ættbókarfærir einungis hvolpa undan undaneldishundum sem hafa viðurkenndan lit samkvæmt ræktunarmarkmiði kynsins. Það er á ábyrgð hvers ræktands að kynna sér ítarlega ræktunarmarkmið þess kyns sem hann ræktar svo og þær reglur sem gilda um kynið áður en pörun fer fram. (Frá 1. mars 2003).
11. Ætli ræktandi að para tík 7 ára eða eldri, skal dýralæknir votta ástand hennar með læknisvottorði þar sem fram kemur hvort tíkin sé í líkamlegu ástandi til að ganga með og gjóta hvolpum. Læknisvottorðið skal gefið út og dagsett fyrir pörun. (Frá 1. mars 2003). Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri. (Gildir frá 1. nóvember 2016)

II. Ættbókarskráning hvolpa

1. Sækja verður um ættbókarskráningu á hvolpum til Hundaræktarfélags Íslands á sérstöku og þar til gerðu umsóknareyðublaði.
2. Einungis ræktanda er heimilt að sækja um ættbókarskráningu hvolpa. Með ræktanda er hér átt við eiganda tíkarinnar eða þann aðila sem sannanlega átti rétt til undaneldis á tókinni þegar þörun fór fram. Ræktandi skal vera fullgildur félagsmaður í HRFÍ við umsókn. Ræktandi sem ekki er fullgildur félagsmaður við þörun, greiðir hærra verð fyrir ættbókur gots. Ræktandi sem nýtur ekki réttinda til skráningar gota eða hefur verið vísað úr félaginu tímabundið eða að fullu, fær ekki ættbókarskráningu á got þar sem þörun átti sér stað á viðurlagátíma. Got undan ræktunardýrum sem sættu ræktunarbanni við þörun, verða ekki skráð síðar í ættbók, jafnvel þótt ræktunarbanni verði aflétt. (Gildir 1. júlí 2017).
3. Hundaræktarfélag Íslands afhendir/sendir ættbókarskírteini aðeins til ræktanda.
4. Ættbókarfæra skal alla lifandi fædda hvolpa úr sama goti samtímis. Ræktanda er skylt að ættbókarfæra öll got.
5. Óselda hvolpa skal skrá á nafn ræktanda. Umskráning í ættbók frá ræktanda til fyrsta kaupenda/eiganda er ræktanda að kostnaðarlausu.
6. Óheimilt er að ættbókarfæra afkvæmi hunds séu eistu hans ekki eðlileg og rétt staðsett (launeistu). Hafi hundur hvorki verið sýndur í ræktunardóm né eigi áður skráð afkvæmi, skal fylgja umsókn um ættbókarfærslu afkvæma hans vottorð dýralæknis um að eistu undaneldishundsins séu eðlileg og rétt staðsett. Eingöngu vottorð sem gefið er út eftir sex mánaða aldur hunds er tekið gilt.
7. Ræktanda er skylt að kaupa ræktunarnafn við skráningu á þriðja goti fæddu á fimm ára tímabili.
8. Afsal á ræktunarrétti – leigusamningur
Ræktandi gots er sá aðili sem á tókina þegar hún er þöruð. Ef þriðji aðili ætlar að nota undaneldistök eða hund í ræktun verður að gera samninga um ræktunarrétt. Ef um er að ræða afsal (eða flutning) á ræktunarrétti þarf að gera skriflegan samning fyrir þörun. Skriflegur samningur varðandi ræktunarrétt verður að vera dagsettur og undirskrifaður fyrir þörun. Samningurinn þarf að fylgja með viðeigandi gögnum varðandi ættbókarskráningu til Hundaræktarfélags Íslands. Réttur og skuldbindingar samningsaðila þurfa að koma skýrt fram í samningnum. Leigutaki ræktunartíkar er talinn vera eigandi, eins og það er skilið samkvæmt þessum reglum, frá þeim degi sem hvolparnir fæðast þar til hvolparnir eru a.m.k. 8 vikna.

III. Umskráning innfluttra hunda í ættbók HRFÍ og útflutningsættbækur

Innflutt undaneldisdýr í eigu aðila með búsetu á Íslandi verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Innflutt undaneldisdýr í eigu erlends aðila, þ.m.t. dýr í leigusamningi, verður að umskrá í ættbók HRFÍ áður en afkvæmi þess fást ættbókarfærð. Ræktunardýr á láns-/leigusamningi telst vera í eigu leigutaka í skilningi þessara reglna á meðan á láns-/leigutíma stendur skv. samningi við skráðan erlendan eiganda sem framvísa skal til félagsins (Gildir frá 1. júlí 2017).

Við umskráningu verður að fylgja:

- a) Upprunalegt ættbókarskírteini (Export pedigree) skráð á þann aðila sem flytur hundinn til landsins. Skírteinið skal vera útgefið af hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI og HRFÍ.
- b) Skriflegt afsal frá þeim aðila sem skráður er sem eigandi hundsins í ættbókarskírteini, sé um annan eiganda að ræða en þann sem óskar eftir umskráningu.

- c) Ættbókarreglur HRFÍ gilda einnig fyrir innflutta hunda sem skráðir eru í ættbók félagsins. Hundarættarfélag Íslands gefur út útflutningsættbók-Export Pedigree.

IV. Skyldur ræktenda

1. Ræktanda er skylt að taka á móti fulltrúa Hundarættafélags Íslands til að hægt sé að fylgjast með aðbúnaði, heilbrigði og vellíðan hunda hans. Ræktandi er jafnframt skyldugur til mæta með hunda í hans eigu eða úr hans ræktun til blóð- eða vefjasýnatöku til sönnunar á ætterni þeirra eða afkvæma þeirra. Sömu skyldu hafa allir eigendur hunda sem eru ættbókafærðir í ættbók HRFÍ, sé krafist sönnunar á ætterni hunda þeirra. Hundarættarfélag Íslands ber allan kostnað vegna sýnatöku og rannsókna, nema í þeim tilfellum þar sem í ljós kemur að skyldleiki er á skjön við fullyrðingar ræktanda. Í þeim tilfellum ber ræktandi allan tilfallinn kostnað.
2. Mæti þeir aðilar ekki sem boðaðir eru í sýnatöku sbr. 1. gr. IV. kafla er stjórn HRFÍ heimilt að beita eftirfarandi ákvæðum:
Ræktunarhundur / eða afkvæmi þeirra verði sett í ræktunar- og sýningarbann.
3. Ræktanda er skylt, sé fram á það farið, að svara Hundarættarfélagi Íslands skriflega öllum upplýsingum er skipta máli varðandi ræktun þeirra hunda sem eru í hans eigu eða umsjón, s.s. upplýsingum um þörun, nöfn og heimilisföng hvolpakaupenda, dagsetningar á sölu hunda o.þ.h.
4. Ræktendur skulu kappkosta að nota til undaneldis einungis þá hunda sem hafa verið sýndir á ræktunarsýningum HRFÍ eða verið ræktunardæmdir í ræktunarskoðunum félagsins og hlotið þá umsögn að vera hæfir til undaneldis.

V. Undaneldi

Stjórn HRFÍ er heimilt að setja sérstakar reglur um undaneldi einstakra hundakynja séu fyrir því gildar ástæður að mati viðkomandi ræktunardeildar og/eða vísindaráðs HRFÍ.

1. Stjórn HRFÍ getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni ræktunardeilda, svipt hund rétti til undaneldis eða bundið notkun hans til ræktunar skilyrði.
2. Stjórn HRFÍ getur einnig, ef til vill í samvinnu við ræktunardeildir, takmarkað ræktun einstakra hundakynja liggi til þess brýn ástæða t.d. af heilbrigðisástæðum eða vegna óaskilegra tegundabundinna einkenna kynsins. Sé einhverra slíkra takmarkana óskað, skal fylgja erindinu greinargerð um alvarleika gallans, til að unnt sé að taka rökstudda ákvörðun um takmörkun eða bann við frekari ræktun.
3. Ræktandi getur sett sérákvæði um ræktun úr sínu eldi og jafnvel lagt bann við frekari ræktun. Skal ákvörðun hans rökstudd með greinargerð sem staðfestist af kaupanda, en HRFÍ samþykkir sérákvæðin/ræktunarbannið með viðeigandi áritun í ættbókarskírteini. Stjórn HRFÍ getur eitt aflétt sérákvæðum/ræktunarbanni, krefjist ræktandinn þess.

VI. Reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr

Hvolpar fást ekki skráðir í ættbók HRFÍ nema að viðkomandi undaneldisdýr hafi uppfyllt eftirtalin skilyrði:

- Auðkenna skal öll undaneldisdýr fædd eftir 1. janúar 1997 með varanlegu auðkenni örmerki eða húðflúr. Eingöngu er tekið gilt örmerki sem er skráð og skjalfest af dýralækni, þar sem þeir einir hafa réttindi til að örmerkja hunda.

- Sérreglur gilda fyrir alla undaneldishunda sem tilgreindir eru í VI. kafla um undaneldisdýr hvenær sem þeir eru fæddir. (Undanskilið varanlegt auðkenni).
- Lágmarksaldur hunda í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 12 mánuðir. (Undanskilið 10 hundakyn.)
- Áríðandi er að ræktendur noti ekki til undaneldis þá hunda sem uppfylla ekki þau heilsufarspróf (t.d. augnskoðun, mjaðmamyndun og/eða olnbogamyndir) sem gilda fyrir tegundina. Ræktendur sem uppfylla ekki þessar kröfur eru kærðir til Siðanefndar HRFÍ, sjá málsmeðferðarreglur Siðanefndar á vefsíðu HRFÍ.
- Ekki má nota hunda sem eru með útilokandi galla til ræktunar, svo sem ódæmigerða skapgerð, meðfætt heyrnarleysi eða blindu, skarð í vör, klofinn góm, stórvægilega tanngalla og afbrigðilega kjálka, arfgenga vaxandi sjónhimmurýrnun (PRA), flogaveiki, eistnaleysi eða eitt eista, mjaðmalos (e. severe/E dysplasia) sem og hunda sem eru albínóar eða af óleyfilegum lit samkvæmt ræktunarmarkmiði tegundar. (Gildir frá 1. maí 2017).
- Bannað er að para saman tvo merle-hunda. Afkvæmi þeirra fást ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 1. maí 2017)
- Bannað er að para saman tvo harlequin hunda. Afkvæmi þeirra fást ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 6. júlí 2017)
- Röntgenmyndir af mjöðmum og olnbogum hunda eru sendar til Noregs til aflestrar. Myndir eru ekki sendar utan fyrir en greiðsla hefur borist skrifstofu HRFÍ fyrir aflestri myndanna. Félagsmenn geta einnig sent myndir til OFA í Bandaríkjunum en þá verða hundarnir að hafa náð 2 ára aldri. Fyrir þann aldur er aðeins um bráðabirgða niðurstöður að ræða sem ekki eru viðurkenndar. Hægt er að nálast umsóknareyðublað á vefsíðu HRFÍ. Hundaeigendur þurfa að senda niðurstöður til skrifstofu HRFÍ.
- HRFÍ skráir niðurstöður augnskoðana fyrir allar hundategundir og fylgir eftirfarandi reglu varðandi PRA:
Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.
Sé þekktur PRA beri notaður til undaneldis skráir HRFÍ gotið en setur í ræktunarbann.
Ræktandinn verður kærður til siðanefndar.
Í tegundum sem hafa DNA próf eru hundar sem greinast „sýktir“ ekki leyfilegir í ræktun. Hundar sem eru berar eru leyfðir í ræktun á móti hreinum.
Ræktunardeildir geta gefið út eigin reglur sem taka á al- og hálfssystemum. Það veltur á deildunum sjálfum að taka ákvörðun um það.
- Fyrir neðangreind hundakyn gildir 18 mánaða lágmarksaldur við mjaðma og olnbogamyndun: Dobermann, dogue de bordeaux, berner sennenhund, bullmastiff, mastiff, stóri dani, leonberger, maremme, neapolitan mastiff, nýfundnalandshundur/Landseer, pyrenean mountain dog, rottweiler, sankti bernharðshundur

TH-1:

Australian shepherd

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgengt cataract.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Bearded collie

Augnvottorð: Vottorð undaneldisdýra má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Belgískur fjárhundur (öll feldafbrigði)

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Border collie

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgengt cataract.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Briard

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Collie

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Old English sheepdog

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgengt cataract.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Shetland sheepdog

Augnvottorð: Vottorð undaneldisdýra skulu ekki vera eldri en 18 mánaða við pörun. Got undan tveimur bláum (blue merle) hundum fæst ekki ættbókarfært og ræktunarbann er á hvolpum undan bláum (blue merle) og gulum (sable).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Fyrir aðrar tegundir í tegundarhópi 1 (utan schäfers) gildir:

Augnvottorð undaneldisdýra skulu ekki vera eldri en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Schäfer

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Greinist hundur með mjaðma-og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Para má saman schäfer short-haired og schäfer long-haired.

Ættbókarfæra skal hvolpana það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við 8 vikna aldur.

Varðandi umskráningu á schäfer short-haired /schäfer long-haired,

schäfer long-haired/schäfer short-haired þá þarf hundurinn að vera sýndur eftir 9 mánaða aldur á viðurkenndri FCI sýningu áður en hann er umskráður. Telji eigandi hundinn vera annað afbrigði en hann var skráður í upphafi í ættbók skal skrá hann á sýningu sem það afbrigði sem eigandi telur hundinn vera. Ef dómari samþykkir hundinn sem það afbrigði, er hægt að láta umskrá afbrigðið í ættbók.

TH-2:

Berner Sennenhund

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Boxer

Mjaðmammyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Bullmastiff

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Dobermann

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmammyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Greinist hundur með mjaðmalos C, D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Lágmarksaldur í mjaðmamyndatöku er 18 mánuðir.

Dogue de bordeaux

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Dvergschnauzer

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Lámarksaldur tíka við þörun er 20 mánaða.

German pinscher

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Leonberger

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Miniature pinscher

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Staðfest heilbrigði hnéskelja frá dýralækni. Niðurstöður liggi fyrir við þörun.

Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.

Nýfundnalandshundur

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Pýrenahundur

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Risaschnauzer

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Rottweiler

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Sankti bernharðshundur

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Ekki er ráðlagt að para saman hunda sem báðir hafa greinst með entropian/ectropian.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun .

Lágmarksaldur í mjaðmamyndatöku er 18 mánuðir.

Schnauzer

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Shar Pei

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Stóri dani

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðma-og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Fyrir aðrar tegundir innan tegundahóps 2 gildir:

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

TH-3:

Fyrir allar tegundir innan tegundahóps 3 gildir:

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Border terrier

Lámarksaldur tíka við pörun er 18 mánaða.

Silky terrier

Lámarksaldur tíka við pörun er 18 mánaða.

Yorkshire terrier

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.1.2015).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Undaneldisdýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart prcd-PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). (Gildir frá 01.1.2015).

Lámarksaldur tíka við pörun er 18 mánaða.

TH-4/6:

Dalmatiner:

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Langhundur:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Lámarksaldur miniatüre og rabbit Langhunda tíka við pörun er 18 mánaða.

Rhodesian Ridgeback:

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Fyrir aðrar tegundir innan tegundahóps 4/6 gildir:

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

TH-5:

Alaska malamute:

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Basenji

Fanconi Syndrome: Gerð er sú krafa að framkvæmd séu DNA próf (genetic linkage marker test) fyrir Fanconi Syndrome. Skilyrði er að annað hvort ræktunardýranna sé arfhreint (clear to clear). Ef niðurstöður sýna fram á veikan einstakling skal hann settur í ræktunarbann.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Chow chow

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Íslenskur fjárhundur

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun.

Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 7 ára aldur, gildir ævilangt að því tilskyldu að undaneldishundur hafi tvisvar áður verið augnskoðaður án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 15.01.2018).

Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann Undanskilið ræktunarbanni er anterior polar cataract en para verður við hunda sem standast augnskoðun án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 09.09.2015).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Pomeranian

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Lámarksaldur tíka við pörun er 18 mánaða.

Samojedhundur

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Siberian husky

Augnvottorð: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

West Siberian Laika

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Fyrir aðrar tegundir innan tegundahóps 5 gildir:

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

TH-7:

Breton

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Enskur setter

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Gordon setter

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Írskur setter

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.

